



Samþykkt sveitarstjórnar um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að taka eftirfarandi þátt í kostnaði með einstaklingum sem eru eigendur íbúðarhúsa á Skagaströnd og taka inn hitaveitu og þurfa að gera breytingar á húseignum sínum vegna þess:

1. Einstaklingar sem eru eigendur íbúðarhúsa og þurfa að endurnýja ofna í húsum sínum geta fengið kostnaðarþátttöku sem nemur allt að 75% af kostnaði við ofnakaup í hús sitt, sbr. þó 3. tl. Kostnaðarþátttakan nær til ofnakaupa og/eða efnis í pípukerfi í gólfhitabúnað eingöngu en ekki til stýribúnaðar, ofnloka eða lagnakerfis að ofnum.
Til að eiga rétt á framangreindri kostnaðarþátttöku þarf viðkomandi að leggja fram reikning sem sýnir að umræddur búnaður hafi verið keyptur og sé að fullu greiddur. Starfsmaður sveitarfélagsins skal hafa fullan aðgang að viðkomandi fasteign í því skyni að sannreyna að ofnarnir hafi verið keyptir til notkunar þar.
2. Einstaklingar sem eru eigendur íbúðarhúsa og þurfa að skila inn nýjum teikningum af lagnakerfi eigna sinna vegna nýs hitakerfis geta fengið kostnaðarþátttöku sem nemur allt að 25 þús. kr. frá sveitarfélaginu vegna hönnunarkostnaðar sbr. þó 3. tl.

Til að eiga rétt á framangreindri kostnaðarþátttöku þarf viðkomandi að leggja fram greiddan reikning frá verkfræðistofu eða hönnuði sem hefur löggildingu til að veita slíka þjónustu og umrædda uppdrætti af hitalögnum.

Kostnaðarþátttaka skv. 1. og 2. tl. skal innt af hendi til þinglýsts eiganda viðkomandi fasteignar þegar greiðsla frá sveitarfélaginu á sér stað. Í þessu efni telst þinglýstur eigandi vera afsalshafi eða kaupandi samkvæmt þinglýstum kaupsamningi hafi afsali ekki verið þinglýst.

3. Hámark kostnaðarþátttöku til eigenda hverrar íbúðar vegna 1. og 2. tl. er 250 þús. kr. Skilgreining íbúðar er að hún sé skráð sem sérstakt fasteignanúmer og/eða sé sannanlega íbúð í skilningi byggingarreglugerðar.
4. Frestur sveitarfélagsins til að inna greiðslu af hendi til viðkomandi er allt að 1 mánuður frá því fullnægjandi gögnum hefur verið skilað.
5. Kostnaðarþátttaka þessi gildir frá 1. maí 2008 til 1. maí 2015 og skulu húseigendur hafa skilað inn umræddum reikningum og óskað eftir greiðslu fyrir þann tíma til að eiga rétt á greiðslum skv. 1. og 2. tl.



SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

6. Ákvæði um kostnaðarþátttöku getur átt við þær eignir sem standa utan þess svæðis sem hitaveita býðst á Skagaströnd og gildir þá um kaup á ofnum fyrir vatnshitunarkerfi og hönnun á því kerfi. Lítið er svo á að þar með sé stutt við undirbúning að mögulegri hitveituvæðingu umræddra húseigna.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 26. febrúar 2013, endurskoðað 19. maí 2014 og 12. september 2014

Skagaströnd, 13. september 2014

Magnús B. Jónsson
sveitarstjóri